



## **Álitsgerð**

um heimild Tannlæknafélags Íslands til að semja við  
Sjúkratryggingastofnun Íslands á grundvelli  
2. mgr. 39. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar  
fyrir hönd félagsmanna sinna

**Kristín Benediktsdóttir**

**LAGASTOFNUN**

**Ágúst 2011**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

## Álitsgerð

um heimild Tannlæknafélags Íslands til að semja við Sjúkratryggingastofnun Íslands á grundvelli 2. mgr. 39. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar fyrir hönd félagsmanna sinna

### 1. Inngangur

Með bréfi, dags. 18. júní 2011, fór Tannlæknafélag Íslands þess á leit við Lagastofnun Háskóla Íslands að hún veitti álit á því hvort 2. mgr. 39. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar heimilaði Tannlæknafélaginu að semja við Sjúkratryggingastofnun Íslands fyrir hönd félagsmanna sinna.

### 2. Heilbrigðisþjónusta

Samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 112/2008 er heilbrigðisþjónusta hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjapjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga. Um er að ræða sömu skilgreiningu og í 4. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Af þessari upptalningu er ljóst að þjónusta tannlækna telst til heilbrigðisþjónustu.

### 3. Þjónusta tannlækna

Í III. kafla laga nr. 112/2008 er fjallað um sjúkratryggingar. Mælt er fyrir um þjónustu tannlækna í 20. gr. nánar tiltekið í B. hluta kaflans sem fjallar um aðstoð

Ákvæði 20. gr. laganna hljóðar svo:

„Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegra tannlækninga aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára, annarra en tannréttinga, sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Þá taka sjúkratryggingar til nauðsynlegra tannlækninga og tannréttinga sem samið hefur

verið um skv. IV. kafla vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækninga og tannréttinga. Í reglugerðinni er jafnframt heimilt að ákveða að sjúkratryggingar taki þátt í kostnaði við tannréttingar sem ekki falla undir 2. málsl. 1. mgr.“

Í athugasemdum með þessari grein í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 112/2008 segir svo:

„Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að sjúkratryggingar taki til nauðsynlegra tannlækninga, annarra en tannréttinga, aldraðra, öryrkja og barna yngri en 18 ára. Með öldruðum er átt við þá sem eru 67 ára eða eldri þegar þjónustan er veitt og með öryrkjum er átt við þá sem metnir hafa verið til a.m.k. 50% örorku samkvæmt lífeyristryggingakafli laga nr. 100/ 2007, um almannatryggingar. Ef um er að ræða alvarlegar afleiðingar fæðingargalla, slysa eða sjúkdóma taka sjúkratryggingar til nauðsynlegra tannlækninga og tannréttinga fyrir alla aldurshópa. Skilyrði greiðsluþátttöku samkvæmt greininni er að í gildi sé samningur milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess tannlæknis sem veitir þjónustuna, eða fyrirtækis hans, og að samningurinn nái til þeirrar þjónustu sem veitt er.

[...]

Í 42. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, er kveðið á um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlæknaþjónustu. Efnisleg réttindi eru að meginstefnu til þau sömu en orðalag nokkuð breytt og ákvæðið skýrara. Helsta breytingin er sú að gert er að skilyrði að samningur sé fyrir hendi milli sjúkratryggingastofnunarinnar og þess sem veitir þjónustuna, sbr. þó 38. gr. frumvarpsins.“<sup>1</sup>

Af framangreindu er ljóst að sjúkratryggingar almannatrygginga taka til tiltekinnar þjónustu tannlækna. Forsenda eða skilyrði greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna þessarar þjónustu tannlækna er hins vegar að samið hafi verið um þjónustuna samkvæmt IV. kafla laganna, eða með öðrum orðum að í gildi sé samningur milli þess sem veitir þjónustuna eða fyrirtækis hans, sbr. ofangreind ummæli í greinargerð með lögnum.

#### 4. Ákvæði 39. gr. laga nr. 112/2008

---

<sup>1</sup> Alpt. 2007-2008, A-deild, bls. 5391. Í 38. gr. laga nr. 112/2008 er fjallað um þær aðstæður þegar samningar um heilbrigðisþjónustu eru ekki fyrir hendi.

Ákvæði 39. gr. laga nr. 112/2008 sem fjallar um samningsumboð er í IV. kafla laganna þar sem fjallað er um samninga um heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. annast sjúkratryggingastofnunin samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu og aðstoðar samkvæmt lögnum, lögum um heilbrigðisþjónustu og öðrum lögum, og um endurgjald ríkisins vegna hennar. Í 2. mgr. er tekið fram að sjúkratryggingastofnunin geri samninga við heilbrigðisstofnanir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, fyrirtæki og einstaklinga um veitingu heilbrigðisþjónustu og greiðir þeim endurgjald í samræmi við ákvæði samninganna.

Í athugasemdum með þessari grein í frumvarpi því sem varð að framangreindum lögum segir m.a. svo:

„Í 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins er lagt til að sjúkratryggingastofnunin annist alla samningsgerð um heilbrigðisþjónustu, bæði um heilbrigðisþjónustu sem ríkinu er skylt að veita samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og öðrum lögum, og heilbrigðisþjónustu sem ákveðið hefur verið að veita í samræmi við stefnumörkun ráðherra skv. 2. gr. frumvarpsins og 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Stofnunin tekur því ekki aðeins við hlutverki samninganeftdar ráðherra heldur einnig hlutverki sem heilbrigðisráðuneytið hefur sinnt á sviði samningsgerðar um heilbrigðisþjónustu og fjárveitinga til heilbrigðisstofnana. Vísast nánar um það til almennra athugasemda með lagafrumvarpi þessu.

Auk samningsgerðar um heilbrigðisþjónustu er jafnframt gert ráð fyrir að sjúkratryggingastofnunin annist samningsgerð um þá aðstoð sem ber að veita skv. III. kafla frumvarpsins og telst ekki vera heilbrigðisþjónusta. Loks er gert ráð fyrir að jafnframt því að semja um veitingu heilbrigðisþjónustu og aðstoðar sé samið um endurgjald ríkisins vegna hennar.

Í 2. mgr. greinarinnar er nánar tilgreint við hverja sjúkratryggingastofnunin semji um veitingu heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilbrigðisstofnanir sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sveitarfélög, t.d. vegna hjúkrunarheimila, sjálfseignarstofnanir og loks fyrirtæki og einstaklinga. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin semji við fagfélög eða stéttarfélög eins og tíðkast hefur.“<sup>2</sup>

Sjúkratryggingastofnun annast samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu og þá aðstoð sem ber að veita samkvæmt lögnum og öðrum lögum auk endurgjalds ríkisins vegna hennar, sbr. 1. mgr. 39. gr. Af framangreindum ummælum í greinargerð er ljóst að um er að

---

<sup>2</sup> Alpt. 2007-2008, A-deild, bls. 5401.

ræða samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu og aðstoð samkvæmt III. kafla laganna, sem ekki telst vera heilbrigðisþjónusta, auk endurgjalds ríkisins vegna hennar. Í 2. mgr. 39. gr. er tekið fram við hverja sjúkratryggingastofnunin semur þegar um er að ræða *veitingu heilbrigðisþjónustu*. Hins vegar verður ekki séð að ákvæðið eigi við þegar um er að ræða aðstoð samkvæmt III. kafla laganna sem telst ekki vera heilbrigðisþjónusta. Þar sem þjónusta tannlækna telst til heilbrigðisþjónustu verður að telja að 2. mgr. 39. gr. eigi við um hana. Af upptalningunni í 2. mgr. 39. gr. má ráða að ekki gert ráð fyrir að stofnunin semjið við fagfélög eða stéttarfélög þegar um er að ræða veitingu heilbrigðisþjónustu. Sérstaklega er tekið fram í framangreindum athugasemdum með ákvæðinu að ekki sé gert ráð fyrir að stofnunin semji við slík félög eins og tíðkast hafði. Var því um að ræða breytingu á fyrri framkvæmd með gildistöku ákvæðisins. Samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir því í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 112/2008 að sjúkratryggingastofnun semji beint við fagfélög eins og Tannlæknafélagið um veitingu heilbrigðisþjónustu. Tannlæknafélag Íslands getur því ekki verið aðili að slíkum samningi. Það sama gildir hins vegar ekki um fyrirtæki og einstaklinga. Þar sem stofnunin gerir samninga við þá verða þeir beinir aðilar að samningnum og fá endurgjald greitt í samræmi við ákvæði samninganna.

Það að sjúkratryggingastofnun semji við fyrirtæki og einstaklinga samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laganna kemur hins vegar ekki í veg að þessir aðilar hafi umboðsmenn við samningsgerðina. Ekki er sérstaklega mælt fyrir um það í lögnum hverjir geti komið fram fyrir hönd þessara aðila við samningsgerðina eða m.ö.o. verið umboðsmenn þeirra. Þannig verður ekki séð að óheimilt sé að fagfélög eins og Tannlæknafélag Íslands komi fram fyrir hönd félagsmanna sinna við samningsgerð við sjúkratryggingastofnun samkvæmt umboði þeirra. Verður ekki betur séð en að slíkt samræmist markmiði og tilgangi Tannlæknafélagsins, sbr. 2. gr. laga félagsins frá 2008. Samkvæmt því verður að telja að sjúkratryggingastofnun komist ekki hjá því að semja við Tannlæknafélag Íslands við gerð samninga samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 112/2008 komi félagið fram fyrir hönd félagsmanna sinna samkvæmt umboði. Telja verður að félagið þurfi því við samningsgerðina að leggja fram tiltekinn umboðsgerning undirritaðan af viðkomandi félagsmanni, sem hefur ákveðið að veita félaginu umboð til að koma fram fyrir sína hönd við samningsgerðina við sjúkratryggingastofnun, þar sem fram kemur í hverju umboðið felst.

## 5. Niðurstaða

Þjónusta tannlækna er aðstoð sem telst til veitingu heilbrigðisþjónustu í skilningi laga nr. 112/2008. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laga nr. 112/2008 annast sjúkratryggingastofnun samningsgerð þegar um er að ræða slíka þjónustu. Sérstaklega er mælt fyrir um það í 2. mgr. 39. gr. við hverja stofnunin semur þegar um er að ræða veitingu heilbrigðisþjónustu. Fagfélög eða stéttarfélög eru ekki þar á meðal. Samkvæmt því verður að telja að sjúkratryggingastofnun hafi ekki heimild til að semja beint við Tannlæknafélag Íslands. Stofnuninni ber hins vegar að semja við þann tannlækni sem veitir þjónustuna, eða fyrirtækis hans, og greiða honum eða fyrirtæki hans endurgjald í samræmi við ákvæði þess samnings. Tannlæknafélagið getur því aldrei verið aðili að samningi samkvæmt lögum nr. 112/2008 ólíkt viðkomandi tannlækni eða fyrirtæki hans. Komi Tannlæknafélagið hins vegar fram fyrir hönd þessara aðila við samningsgerð við sjúkratryggingastofnun samkvæmt umboði þeirra verður að telja að sjúkratryggingastofnun komist ekki hjá því að semja við félagið enda ekkert lögum nr. 112/2008, þ.m.t. 2. mgr. 39. gr., sem kemur í veg fyrir það. Samkvæmt því verður að telja að Tannlæknafélag Íslands geti samið við Sjúkratryggingar Íslands í umboði félagsmanna sinna við gerð samninga samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 112/2008.